

Eystrahorn

38. tbl. 40. árgangur

Fimmtudagurinn 3. nóvember 2022

www.eystrahorn.is

Hræðsluganga með landvörðum

Þau voru hugrökk, íbúarnir 38 á Höfn sem tókust á við myrkragöngu með landvörðum Vatnajökulsþjóðgarðs síðasta föstudag, vopnuð vasaljósi og heitu kakói. Gengið var af stað í ljósaskiptunum þegar von var á að hinar ýmsu kynjaverur og framliðnar sálir færu á stjá.

„Markmið með svona göngu er að fá fólk með okkur út í myrkrið og rifja upp sögur fyrri kynslóða, þegar lýsing og aðstæður voru allt öðruvísi en þær eru í dag, og ímyndunaraflið skapaði hin ólíklegustu kvikindi og sögur úr óvæntum hljóðum eða skugga á vegg. Eins til að vekja okkur til umhugsunar um að ótti er bara ósköp eðlileg tilfinning og að við höfum ýmsar leiðir til að takast á við hana“, segir Guðrún Stefanía, landvörður á Höfn.

Landverðirnir Helga Árnadóttir og Guðrún Stefanía V. Ingólfssdóttir gengu með þátttakendum undir dansandi norðurljósum að rústum gömlu verbúðarinnar á Syðri-Ægissíðu. Sagðar voru m.a. sögur af nautinu í Baulutjörn og Selamóðurinni ógurlegu. Í lok ferðar var ævintýrahrollurinn kveðinn niður með heitu kakói og hlýju spjalli í rústunum.

Helga og Stefanía þakka kærlega fyrir komuna með von um að á komandi ári verði enn nóg af kynlegum kvistum á ferðinni.



Í rústum verbúðarinnar á Syðri-Ægissíðu.
Mynd: Steinunn Hödd Harðardóttir.

Félag eldri Hornfirðinga 40 ára

Það er mikill áfangi fyrir félag að verða fjörfu ári og ennþá starfar FeH af miklum krafti og hefur gert það frá upphafi. Áherslur félagsins hafa auðvita breyst á þessum fjörfutu árum í takt við tíðarandann hverju sinni. Nú er það svo að flestir dagar vikunnar eru fullbókaðir af hinum ýmsu viðburðum og ekki má gleyma ferðum sem félagið hefur staðið fyrir, nú síðast frábær ferð í Örnefni og í vor viku ferð til Færeyja. Það mun vera þriðja ferðin þangað.

Félagið var stofnað 1. desember árið 1982. Í tilefni af þessum tímamótum verður gefið út veglegt afmælisrit með yfirliti um starfsemina á liðnum árum. Ritstjóri þess er Sigurður Hannesson. Einnig verður

haldin afmælishátíð á Hafinu þann 1. desember nk. og hefst sú samkoma kl. 19:00.

Boðið verður upp á mat með jólahlaðborðsívafi.

Forréttir

Aðalréttir

Eftirréttir

Allt verður þetta framreitt af Hafdís Gunnarsdóttur og mun ekkert skorta.

Ekrubandið mun svo leika fyrir dansi fram eftir kvöldi.

Þeir sem ætla að taka þátt eru beðnir um að skrá sig hjá Guðbjörgu í síma 692-2936 og Lúcíu í síma 866-8030 fyrir 15. nóvember. Miðar verða svo seldir í Ekru 23. nóvember milli 14:00 og 16:00. Miðinn kostar 7.000,- krónur.

Þeir sem þurfa akstur til og frá



Félagsmenn að mynda Tindhólm í Færeyjum en félagið skipulagði ferð þangað fyrir á árinu.

samkomunni þurfa að skrá sig þegar miðinn er keyptur.

Laugardaginn 3. desember verður opið hús í Ekru. Fólk á öllum aldri er hvatt til að líta inn

og kynna sér aðstöðu félagsins. Boðið verður upp á léttar veitingar.

Allir velkomnir.



Nú höfum við opið á laugardögum fram að jólum frá kl. 13:00-15:00.

Jólavörur streyma í hús
Úrval af rúmum og göflum

Húsgagnaval
Húsgögn og gjafavörur

Símar:

478-2535 / 898-3664




Leikskólinn Sjónarhóll á Höfn í Hornafirði auglýsir eftir leikskólakennurum og leikskólaleiðbeinendum

Helstu verkefni og ábyrgð:
Að vinna að uppeldi og menntun leikskólakennara samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara eða leiðbeinanda þ.m.t. að taka þátt í skipulagningu faglegs starfs og foreldrasamstarfi.

Hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun eða önnur sambærileg uppeldismenntun.
- Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum með ungum börnum æskileg
- Áhugi á börnum og njóta þess að vera með þeim
- Lípurð og sveigjanleiki í samskiptum
- Stundvísi, frumkvæði og faglegur metnaður
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta

Laun eru greidd samkvæmt samningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 20. nóvember næstkomandi.

Umsóknir ásamt ferilskrá berist til Elínborgar Hallbjörnsdóttur á netfangið elinborgh@hornafjordur.is en hún veitir einnig nánari upplýsingar í s. 470-8490.

Athygli er vakin á því að við ráðningu leikskólastarfsmanns er óskað eftir sakavottorði og að umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA SAMVERA í Ekru



föstudaginn 4. nóvember kl. 17:00
Eiríkur Sigurðsson sýnir myndir frá Norður-Ítalíu

Annað af þremur kvöldum

FÉLAGSVISTAR verður 3. nóvember kl. 20:00

Munið svo að skrá ykkur á afmælisfagnaðinn fyrir 15. nóvember.



TIPPSTOFA KND.SINDRA HEKLU

Alla Laugardaga Frá 11-13
Heitt Á Könnunni!
Hádegisleikurinn Á Skjánum!





Svalbarð 5 • Sími: 848-3933
Útgefandi:.....HLS ehf.
Ritstjóri og ábyrgðarmaður:.....Tjörvi Óskarsson
Netfang:tjorvi@eystrahorn.is
Prófarfalestur:.....Guðlaug Hestnes
Umbrot:Tjörvi Óskarsson
Prentun:Litlaprent
ISSN 1670-4126

Eystrahorn

Lumar þú á áhugaverðu efni í Eystrahorn?

Við hvetjum þig til að senda okkur línu á eystrahorn@eystrahorn.is

Deiliskipulag Háhóls – Dilksness, Skjólshóla og Hafnarness

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti þann 25. október 2022 að auglýsa neðangreindar deiliskipulagsáætlanir í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulag Háhóls – Dilksness

Gert er ráð fyrir byggingu íbúðarhúsa, bygginga fyrir landbúnaðarstarfsemi, atvinnustarfsemi og húsnæðis fyrir ferðaþjónustu. Allt byggingar sem styrkja núverandi búsetu, búrekstur og atvinnustarfsemi á jörðunum.

Deiliskipulag Skjólshóla

Deiliskipulagið nær yfir um 1 ha en fyrirhugað er að útbúa aðstöðu fyrir ferðafólk og koma upp allt að sjö litlum gistihúsum til útleigu.

Deiliskipulag Hafnarness

Deiliskipulagið nær yfir 3.665 m² lóð í Hafnarnesi Nesjum. Skipulagið tekur til uppbyggingar ferðaþjónustu, veitingareksturs, gístaðstöðu, þvottahúss, verslunar, minni gistihúss, íbúðarhúsa, aðstöðuhúss og starfsmannaaðstöðu.


Tillögurnar verða til sýnis frá 3. nóvember til 15. desember í anddyri Ráðhúss Hafnarbraut 28, 780 Höfn. Einnig er hægt að skoða þær á heimasíðu Hornafjarðar: www.hornafjordur.is undir Skipulag í kynningu.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta eða vilja gera athugasemdir er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar á auglýsingatíma.

Eingöngu er tekið við athugasemdum á rafrænan hátt. Farið er inná auglýsingu skipulagstillögunnar á heimasíðu sveitarfélagsins, þar er tengill sem vísar á íbúagátt og þarf að skrá sig inn með íslykli.

Hægt er að óska eftir nánari leiðbeiningum gegnum netfangið skipulag@hornafjordur.is.

Brynja Dögg Ingólfssdóttir
umhverfis- og skipulagsstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar




Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Húsfyllir á bókakynningu í Svavarssafni

Síðasta föstudag klukkan fjögur var haldin bókakynning í Svavarssafni, en þá las Þórður Sævar Jónsson í fyrsta sinn opinberlega upp úr bókinni Líf og ævintýri í Kanada. Boðið var upp á léttar veitingar, flatkökur, kleinur, hvítvín og fleira, en einnig voru til sýnis útskurður eftir Guðjón í tilefni bókarinnar. Guðjón fæddist 1903, foreldrar hans héldu til Kanada en hann var skilinn eftir hjá ættingjum í Austur-Skaftafellssýslu. Um tvítugt bauð faðir hans honum til sín en Guðjón entist ekki lengi með honum heldur fór á flakk sem varði áratugi. Líf Guðjóns var sannkallað ævintýri, hann vann fyrir sér bæði sem veiðimaður og smiður, og lenti ósjaldan í lífsháska.

Þórður Sævar er Hornfirðingum vel kunnur, en um tíma var hann bókavörður á bókasafni Hornafjarðar. Meðan hann bjó hér komst hann í kynni við handrit Guðjóns, sem til eru bæði á ensku og íslensku. Hann bjó handritin til útgáfu og ritaði formála, en eftir upplestur á Svavarssafni fór hann á Hala í Suðursveit til að kynna bókina enn frekar á haustþingi Þórbergseturs.



Bílaleiga Akureyrar auglýsir eftir Umboðsaðila á Höfn

Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi eða fyrirtæki með ríka þjónustulund til að taka að sér umboð Bílaleigu Akureyrar á Höfn í Hornafirði. Umboðið er t.d. tilvalið sem viðbót við annan rekstur. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Helstu hæfniskröfur:

- Góð þjónustulund og samskiptahæfileikar.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Gott vald á íslenskri og enskri tungu.
- Gilt ökuskírteini, stundvísi og hreint sakavottorð.

Áhugasamir hafi samband fyrir 16. nóvember 2022

Allar nánari upplýsinga veitir Bergþór Karlsson
í síma 840 6040 eða beggi@holdur.is



Þínar þarfir - okkar þjónusta



Höldur ehf. - Bílaleiga Akureyrar, Tryggvabraut 12, 600 Akureyri
Aðalnúmer 461 6000 • holdur@holdur.is • www.holdur.is



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Auglýsing um niðurstöðu bæjarstjórnar

Bæjarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 25. október 2022 neðangreindar skipulagsáætlanir.

Hagaleira ÍB1 - aðalskipulagsbreyting

Svæðið sem breytingum tekur er Hagaleira ÍB1 og tekur til leiðréttingar á heildarstærð svæðisins og eykur leyfilegan þéttleika íbúða úr 10 íb/ha í 11,5 íb/ha.

Breytingin er samþykkt í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tjaldsvæði og íbúðarsvæði á Höfn og deiliskipulag Leira - deiliskipulagsbreyting

Helstu markmið breytinganna eru að hliðra til skipulagsmörkum beggja skipulaganna og að skilgreina nýja raðhúsalóð fyrir 6 íbúðir við Hagaleiru.

Athugasemdir og umsagnir bárust sem gáfu tilefni til breytinga á skipulaginu eftir auglýsingu. Á deiliskipulag tjaldsvæðis og íbúðarsvæðis var bætt við afmörkun fornleifa.

Breytingin er samþykkt í samræmi við 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Reynivellir II VP45 - aðalskipulagsbreyting

Breytingin nær til reits VP45 á Reynivöllum II þar sem gistirýmum er fjölgað úr 100 í 150 og gestum fjölgað úr 200 í allt að 300.

Breytingin er samþykkt í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Útbær - Höfn - deiliskipulagsbreyting

Í breytingunni felst m.a. að lóðir C, G, H, D, E og F eru sameinaðar í eina lóð, lóð C-F. Byggingarmagn eykst um 4.831 m² og hámarkshæð hækkar úr 9,5 m í 12 m. Byggðin hækkar úr 2 hæðum í 3 hæðir og bundin byggingarlína við Óslandsveg fellur niður. Settir eru nýir sérskilmálar fyrir svæðið sem breytingum tekur.

Umsagnir og athugasemdir bárust en þær gáfu ekki tilefni til breytinga á skipulaginu eftir auglýsingu.

Breytingin er samþykkt í samræmi við 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsáætlanirnar hafa verið sendar til Skipulagsstofnunar til staðfestingar og munu taka gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Hægt er að kæra samþykkt bæjarstjórnar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda.

Umhverfis- og skipulagsstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Auglýst eftir landi undir seyrugryfju í Suðursveit

Sveitarfélagið Hornafjörður auglýsir eftir landeigendum í Suðursveit sem hefðu áhuga á að leigja sveitarfélaginu landspildu til losunar á seyru. Land í Örafum getur einnig komið til greina.

Við val á landspildu verður einkum litið til staðsetningar, landgerðar og aðkomu.

Fyrir frekari upplýsingar eru áhugasamir beðnir um að hafa samband við Stefán Aspar Stefánsson, verkefnastjóra umhverfismála, í síma 470-8007 eða með því að senda tölvupóst á stefan@hornafjordur.is.



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Seljavellir 2 í Nesjahverfi Skipulagslýsing - Breyting aðalskipulags og nýtt deiliskipulag

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti þann 25. október 2022 að kynna skipulagslýsingu vegna breytingar á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012 -2030 skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og nýs deiliskipulags skv. 1. mgr. 40. gr. sömu laga.

Skipulagsáætlunirnar ná til hluta Seljavalla 2 í Nesjahverfi og gera ráð fyrir að heimilað verði að reisa hótél og allt að 20 stakstæð hús til útleigu á verslunar og þjónustusvæði, fyrir alls 200 næturgesti.

Tekin hefur verið saman lýsing á skipulagsverkefnum sem er aðgengileg á heimasíðu Hornafjarðar: www.hornafjordur.is undir Skipulag í kynningu.

Athugasemdarfrestur er til 8. nóvember 2022 og skal þeim skilað gegnum netfangið skipulag@hornafjordur.is.

Umhverfis- og skipulagsstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Tilraun Æðarrækt - Arnhildur Pálmadóttir

Arnhildur Pálmadóttir arkitekt er listamaður vikunnar, en hún á eitt mest áberandi verkið á sýningunni Tilraun Æðarrækt, því það er staðsett inn í Miðbæ þar sem flestir Hornfirðingar eiga leið hjá. Arnhildur er að eigin sögn blanda af praktískum arkitekt og rugludalli með barnslegan áhuga á að skoða hin ýmsu mál frá mismunandi sjónarhornum.

„Ég fæ innblástur úr vísindum og tækni, blandað við hönnun og heimspeki, og samræðum við áhugavert fólk eins og til dæmis Sam (Sam T. Rees) sem vann æðardúnsverkefnið með mér.“

Spurð að því hvort hún hafi náð að mynda tengingu við fuglana segir Arnhildur:

„Maður tengir alltaf við dýr og náttúru og þess vegna á ég svolítið erfitt með ójafnvægið sem verður til á æðarræktarsvæðum þar sem vakta þarf fuglana, drepa mink, ref og aðra fugla til að þetta gangi upp sem konsept. Sala og notkun á æðardúni er líka áhugaverð grein vegna þess hversu lítið magn verður til af dúninum, þannig verður hann að lúxus markaðsvöru sem bara hinir auðugu geta eignast meðan þeir sem hafa minni tekjur þurfa að halda á sér hita með ódýrari gæsadún eða plasti. Þetta er ekki eins og ull sem er hágæða efni og nóg er til af fyrir alla.“

Arnhildur mælir með að allir skoði heimildarmyndir um æðarfugla því þeir kafi og syndi mjög fallega.

Í sumum löndum er hann borðaður líkt og aðrir fuglar en hamur hans var notaður í fót af frumbyggjum í Kanada. „Við skoðuðum líka viðhorf fólks sem er vegan til æðardúnstekju, en það notar ekki fatnað eða sængur úr æðardún frekar en annað úr dýraríkinu.“

Það er ekki komist hjá því að spyrja út í mjög svo sérkennilegt orðalag fólksins sem talar í vídjóverkinu. Handritið og myndefnið er tölvugert, og því spyr maður þarna sé vísir að framtíð listsköpunar. Fara tölvur bráðum að skapa allt fyrir okkur?

„Tölvur eru ennþá bara framlenging á okkur manneskjunum. Þær eru ekki byrjaðar að hugsa sjálfar ennþá,“ segir Arnhildur. „Verkefni okkar Sam er unnið upp úr samræðum okkar um þessi atriði sem ég nefni hér fyrir ofan. Þar sem þær voru orðnar mjög víðar og sundurslitnar þá ákváðum við að biðja gervigreindina að taka þetta saman fyrir okkur og stinga upp á söguþræði fyrir hvert og eitt atriði með áherslu á æðarrækt framtíðarinnar á tímum loftslagsbreytinga, tækniþróun í æðarræktun og endalok alheimsins.“

-Verk Arnhildar og Sam er enn hægt að sjá í Miðbænum. Það er um að gera að ýta á hnapp næst þegar þið eigið leið hjá.



Snæbjörn Brynjarsson safnvörður listasafnsins ásamt nemendum grunnskólans í skólaheimsókn í Svavarssafni.

Á dagskrá Menningarmiðstöðvarinnar í nóvember

- 2. nóv kl. 13:00 – Prjónakaffi.
- 5. nóv kl. 13:30 – Lesstund barnanna.
- 9. nóv kl. 13:00 – Prjónakaffi.
- 12. nóv kl. 13:30 – Lesstund barnanna.
- 12. nóv kl. 14:00 – Samverustund barna og fullorðina með Nikolinu Tintor.
- 14. – 18. nóv – Margrét H. Blöndal myndlistarkona verður með námskeið fyrir börn í Grunnskóla Hornafjarðar.
- 16. nóv kl. 13:00 – Prjónakaffi.
- 18. nóv kl. 17:00 – Afmæli Svavars Guðnasonar, boðið verður upp á kaffi, kökur og leiðsögn á Svavarssafni.
- 19. nóv kl. 13:30 – Lesstund barnanna.
- 23. nóv kl. 13:30 – Prjónakaffi.
- 24. nóv kl. 16:00 – Elísabet Jökulsdóttir með gjörning á Svavarssafni.
- 24. nóv kl. 20:00 – Rithöfundakvöld í Nýheimum.
- 26. nóv kl. 14:00 – Samverustund barna og fullorðina með Nikolinu Tintor.
- 26. nóv – Aðventuhátíð og jólamarkaður.



HLADVARP EYSTRAHORN

Hlustaðu á þættina á
[www.eystrahorn.is/
hladvarp](http://www.eystrahorn.is/hladvarp)

Sigraðu innkaupin!

Tilboð gilda 3.–6. nóvember

Bæonne-skinka
1.078 kr/kg
2.199 kr/kg



30%
Lambahryggur í hvítlauks- og piparkryddlegi
2.659 kr/kg
3.799 kr/kg

31%
Cordon bleu 350 g
896 kr/pk
1.299 kr/pk

30%
Ferskur ananas
265 kr/kg
379 kr/kg

25%
Mangó
449 kr/kg
599 kr/kg

32%
Heilt lambalæri
1.699 kr/kg
2.499 kr/kg

51%
Grisa-fillet, fyllt og kryddað
2.156 kr/kg
4.399 kr/kg

30%
Lax, beinlausir bitar, 1 kg
2.239 kr/pk
3.199 kr/pk

40%
Kornbrauð úr súrdeigi, 425 g
419 kr/stk
699 kr/stk



Sigraðu innkaupin og fáðu betra verð á matvöru með Samkaupa appinu



nettó

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.